

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 12. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0058
LA/SS

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna vikurnáms í Búrfellshólma

Vísað er í tölvubréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 27. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna framkvæmd Hólasamára ehf. á áframhaldandi vikurnámi á Búrfellshólmi við Búrfell.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsingu og telur að í henni komi fram flest það sem nauðsynlegt er. Um verulega stækkun á efnistökusvæði er að ræða og ljóst að umhverfisáhrif af stækkuninni verða mikil. Mjög víðáttumikið svæði verður fyrir beinu og óafturkræfu raski. Ásýndaráhrif framkvæmdarinnar verða umtalsverð og er líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum. Huga þarf vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og samfélagsleg áhrif af því.

Vikurnám í Búrfellshólma er í mati á umhverfisáhrifum, en álit Skipulagsstofnunar liggur ekki fyrir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

